

# REGLUR

## um fjárveitingar úr Kísilgúrsjóði.

### 1. Heiti og tilgangur.

- 1.1 Heiti sjóðsins er Kísilgúrsjóður.
- 1.2 Tilgangur sjóðsins er að fjármagna verkefni sem eru til þess fallin að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.
- 1.3 Markmið sjóðsins er að efla nýsköpun í atvinnulífinu, einkum á sviði þekkingariðnaðar eða annarrar framsækinnar atvinnustarfsemi sem hefur burði til að auka fjölbreytni atvinnulífsins.

### 2. Starfshættir.

- 2.1 Til að ná framangreindu markmiði er Kísilgúrsjóði heimilt að:
  1. Eiga minnihluta í sprotafyrirtækjum, þ.e. fyrirtækjum sem eru á frumstigi nýsköpunar. Um getur verið að ræða tvenns konar fjármögnun:
    - Byrjunarfjármagn eða upphafsfé, að aflokinni vöruþróun og könnun markaða.
    - Fjármagn til vaxtar eða vaxtarfé sem er lagt fram til að útvíkka starfsemi sem þegar hefur náð fótfestu á markaði.Í báðum tilfellum skulu ákvarðanir byggja á sjálfstæðu mati stjórnarinnar á traustum viðskiptaáætlunum með viðunandi arðsemi. Almennt skal miða við fjármögnun minnihlutaaðildar viðkomandi fjármögnunarstigs. Frá þessu er heimilt að víkja þegar um séstaklega álitlega fjárfestingakosti er að ræða eða þar sem mjög ríkir samfélagslegir hagsmunir eru í húfi. Í slíkum tilfellum má miða við minnihlutaaðild í fyrirtækinu öllu. Gera skal grein fyrir öllum frávikum í fundargerð.
  - Ganga skal úr skugga um að þeir sem fjármagna meirihluta séu traustir fjárfestar. Ef eignaraðild verður meiri en 33% skal að öðru jöfnu vera kvöð um stjórnarsetu af hálfu Kísilgúrsjóðs.
2. Veita styrki, m.a. til kaupa á utanaðkomandi tæknilegri ráðgjöf, rannsókna, vöruþróunar og markaðsathugana, á móti meirihlutaframlagi annarra. Um er að ræða fjármagn til að þróa vörur, þjónustu eða viðskiptahugmyndir, sem tengjast nauðsynlegri forvinnu t.d. vegna síðari aðkomu framtaksfjárfesta. Slíkir styrkir geta verið bundnir skilyrði um eignaraðild í hinni endanlegu afurð.

### 3. Stjórnun og framkvæmd.

- 3.1 Sjóðurinn lýtur forræði iðnaðarráðherra.
- 3.2 Stjórn Kísilgúrsjóðs ákveður úthlutun úr sjóðnum.
- 3.3 Rekstur sjóðsins er á ábyrgð stjórnar.
- 3.4 Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.
- 3.5 Auglýsa skal eftir umsóknum. Umsóknarfrestur vegna vorúthlutunar verður til 1. apríl en að hausti til 1. október ár hvert.
- 3.6 Sótt skal um stuðning á sérstökum umsóknareyðublöðum. Á umsóknareyðublöðum komi fram hvaða kostnaðarliðir geta notið stuðnings, hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar mats umsókna og hvernig eftirfylgni verður háttáð, auk annarra gagna og skilyrða sem umsækjandi þarf að uppfylla.
- 3.7 Ekki er heimilt að veita rekstrarstyrki eða fjárfestingastyrki.
- 3.8 Meta skal árangur af starfseminni í lok hvers árs.

**4. Umsækjendur.**

4.1 Fyrirtæki og einstaklingar geta sótt um stuðning til sjóðsins.

**5. Form og upphæð styrkja.**

5.1 Styrkur skal ekki vera hærri en 49% af styrkhæfum kostnaði.

5.2 Styrkur er að jafnaði greiddur í samræmi við framvindu, í tveimur eða þremur áföngum.

5.3 Í upphafi hvers starfsárs skal stjórnin ákveða skiptingu fjár á milli fjárfestinga og styrkja.

**6. Almenn skilyrði fyrir styrkveitingum.**

6.1 Í umsókn skulu m.a. koma fram markmið, aðgerða-, tíma- og kostnaðaráætlun, nýnæmi og áætlanir um sölu og markaðssetningu.

6.2 Skila skal framvinduskýrslu samkvæmt áfangaskiptingu umsækjanda.

6.3 Sé framvinduskýrslu ekki skilað og/eða fram komi að ekki hafi verið unnið samkvæmt áætlun, falla frekari greiðslur til verkefnisins niður.

6.4 Breytist forsendur stuðnings verulega á tímabilinu, svo sem vegna slita á samstarfi, er heimilt að fella frekari greiðslur niður.

6.5 Verði umsækjandi uppvís að röngum upplýsingum eða öðrum atriðum sem ekki eru í samræmi við reglur þessar, er heimilt að krefja viðkomandi aðila um endurgreiðslu.

6.6 Við styrkveitingar skal fara að reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um minni háttar aðstoð „de minimis aid“. Umsækjendur skulu greina frá öllum styrkjum sem þeir hafa fengið á síðustu þremur árum. Þeir skulu jafnframt lýsa því yfir að þeir hafi ekki á síðustu þremur árum fengið styrki skv. minni háttar reglunni, sem samtals eru hærri en 100.000 evrur (jafngildi um 9,3 m.kr. í september 2001), að meðtöldum þeim styrk sem sótt er um. Við mat á því hvort framangreindu hámarki er náð, skal einnig reikna styrkígildi aðstoðar, sem veitt er í öðru formi en beinum styrkjum (t.d. lán með hagstæðum kjörum), samkvæmt reglum Eftirlitsstofnunar EFTA. Í þessu sambandi eru þó undanskildir sérstakir styrkir sem aðili hefur fengið samkvæmt styrkjareglum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt eða ekki andmælt (s.s. rannsóknarstyrkir úr Vísindasjóði og Rannsóknasjóði ).

**7. Gildistími og lagastoð.**

7.1 Reglur þessar eru settar í samræmi við heimild í 2. gr. laga nr. 80/1966, sbr. 2. gr. laga nr. 15/2001 og eftir ákvæðum reglugerðar nr. 476/2001.

7.2 Reglur þessar gilda frá og með birtingu í Stjórnartíðindum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 5. nóvember 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Borgeir Örlygsson.*